

AUGLÝSING

um umferð í Vogakauptúni í Vatnsleysustrandarhreppi.

Eftir tillögum hreppsnefndar Vatnsleysustrandarhrepps í Gullbringusýslu hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958:

1. Hafnargata hafi forgangsrétt um alla umferð aðliggjandi gatna (þar með talinn gamli þjóðvegurinn).
2. Gamli þjóðvegurinn hafi forgangsrétt fyrir allri umferð frá Tjarnargötu, Ægisgötu og Suðurgötu.
3. Vogagerði hafi forgangsrétt fyrir umferð frá Tjarnargötu og Ægisgötu.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 23. marz 1966.

Einar Ingimundarson.

31. marz 1966.

Nr. 84.

GJALDSKRÁ

um greiðslur fyrir aukaverk presta.

1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu á nafni barns í ministerialbók ..	kr. 90.00
2. Fyrir fermingu ásamt undirbúningi	— 330.00
3. Fyrir hjónavígslu	— 240.00
4. Fyrir greftrun	— 150.00
5. Fyrir endurskoðun kirkjureiknings	— 35.00
6. Fyrir vottorð, er prestur gefur út í embættisnafni	— 20.00

Við ofanskráð gjöld bætist visitöluuppbót, hin sama og greidd er á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er presti skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða útför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.